

67. kirkjuþing 2025-2026

6. mál - þskj. 6a

T I L L A G A

til þingsályktunar um fjölgun prestsembættis í Vestfjarðaprófastsdæmi.

Flm: **Hildur Inga Rúnarsdóttir**, Magnús Erlingsson og Ólafur Gestur Rafnsson.

Kirkjuþing 2025 - 2026 samþykkir að fjölga prestum á Vestfjörðum til að tryggja vígða þjónustu kirkjunnar þar líkt og kveðið er á um í 3. gr. þjóðkirkjulaga.

Mikilvægt er að endurskoða heildarskipulag vígðar þjónustu í Vestfjarðaprófastsdæmi með tilliti til staðháttar.

Greinargerð.

Á héraðsfundi Vestfjarðaprófastsdæmis var eftirfarandi ályktun samþykkt: “Héraðsfundur Vestfjarðaprófastsdæmis haldinn á Bíldudal þann 7. september 2025 skorar á kirkjuþing og biskupafund að fjölga prestum á Vestfjörðum.”

Um síðustu aldamót voru starfandi 14 prestar á Vestfjörðum. Í dag eru einungis fimm þjónandi prestar á Vestfjörðum. Fækkað hefur verið um átta embætti.

Vestfirðir skiptast í þrjú prestaköll. Á norðanverðum Vestfjörðum í Ísafjarðarprestakalli þjóna þrír prestar 5225 manns, sem búa í sjö þéttbýliskjörnum og sjö sveitasóknum. Í prestakallinu er 21 kirkja. Í Patreksfjarðarprestakalli í Vesturbyggð þjónar einn prestur 1446 manns sem búa í þremur þéttbýlissóknum og fimm sveitasóknum. Kirkjurnar í prestakallinu eru 10 talsins. Í Breiðafjarðar- og Strandaprestakalli þjónar einn prestur 921 manns, sem búa í þremur þéttbýlissóknum og átta sveitasóknum. Kirkjurnar í prestakallinu eru 13 talsins. Samtals þjóna þessir fimm prestar 32 sóknum og 43 kirkjum. Kapellur á sjúkrahúsum og elliheimilum eru ekki taldar með enda þótt þar sé líka reglulegt helgihald.

Sóknin er grunneining kirkjunnar. Í hverri sókn er gert ráð fyrir reglulegu helgihaldi og í þéttbýlissóknum er gert ráð fyrir fjölbreyttu safnaðarstarfi. Þá sinna prestar sálgæslu og annarri þjónustu, svo sem við skírnir, fermingar, hjónavígslur og útfarir. Vegna landshátta á Vestfjörðum útheimtir þessi þjónusta oft á tíðum mikil og margvísleg ferðalög. Dæmi eru um að prestar hafi ekið hundruð kílómetra til að sinna athöfn eða messu.

Samkvæmt 3. grein laga um þjóðkirkjuna, nr. 77/2021, ber þjóðkirkjunni að þjóna öllum landsmönnum óháð búsetu. Réttur fólks til þjónustu er ekkert minni í hinum dreifðu byggðum heldur en í þéttbýli borga og bæja. Í 3. gr. þessara laga segir svo: “Þjóðkirkjunni ber að halda úti vígðri þjónustu á landinu öllu og tryggja að allir landsmenn geti átt kost á henni. Prestar og djáknar gegna vígðri þjónustu í þjóðkirkjunni.” Hér er einnig vísað til skýrslu, sem lögð var fram á kirkjuþingi í nóvember 2022, sjá 17. mál 2022.

Vegna þess að prestar á Vestfjörðum eru ekki nema fimm talsins þá getur verið snúið að skipuleggja afleysingar vegna lögbundinna fría. Dæmi eru um að prestar hafi stytt frí sitt til að sinna viðkvæmri þjónustu í sinni heimabyggð. Biskup hefur reynt að leysa vandkvæðin við afleysingar með því að fá presta á höfuðborgarsvæðinu til að leysa af eða eftirlaunapresta.

Kostnaðaráætlun vegna viðbótar prestsembættis

Launafl. 2	905.299 kr.
Einingar 10	116.940 kr.
Viðbótareiningar v. fjölda sókna að hámarki 5 sóknir - 10 einingar	58.470 kr.
Skrifstofukostnaður 203	29.758 kr.
Fatapeningur	1.714 kr.
Póstkostnaður	1.543 kr.
Heildarkostnaður á mánuði	1.113.724 kr.
Heildarkostnaður á ári með launatengdum gjöldum	16.171.272 kr.